



Verklagsreglur um viðbrögð við skólasóknar- og ástundunarvanda nemenda

- Umsjónarkennari leitar orsaka fyrir vanda nemandans og hvetur hann til þess að bæta sig.
- Umsjónarkennari leitar aðstoðar foreldra.
- Umsjónarkennari leitar aðstoðar skólastjórnenda og sérfróðra ráðgjafa skólans.
- Skólastjóri og umsjónarkennari halda fund með foreldrum og nemanda þar sem hvatt er til umbóta og leitað orsaka vandans. Skólastjóri leggur málið fyrir nemendaverndarráð ef engin eða lítil bót verður á skólasókn.
- Sérstaklega skal skoða:
 - nám nemandans – stuðning í námi
 - aðstæður í nemenda- og félagahópnum
 - samskipti kennara og nemanda
 - samskipti foreldra og skóla
 - aðstæður nemandans
 - heilsufar nemandans
- Ef ekki næst viðunandi árangur óskar skólastjóri og/eða foreldrar eftir ráðgjöf og þjónustu frá Fjölskyldusviði Fjarðabyggðar.
- Fulltrúi fjölskyldusviðs vinnur með skólastjóra og foreldrum að lausn málsins.
- Finnist ekki viðunandi lausn fyrir nemandann þá er málið tilkynnt til Fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar skv. 17. gr. bvn.laga nr. 80/2002.
- Teymi stofnað um málið. Fjölskyldusvið Fjarðabyggðar leiðir teymið og ber ábyrgð á vinnu þess.